

Ársskýrsla Vestmannaeyjardeildar Sjúkraliðafélags Íslands 2015-2016.

+



Ljósmynd: Halldór B. Halldórsson.

Aðalfundur Vestmannaeyjardeildar SLFÍ var haldinn í Arnardrangi föstudaginn 25. nóvember. Formaður setti fundinn og bauð alla velkomna. Fundarstjóri var kosinn og Sigríður Gísladóttir tók það að sér að þessu sinni. Margrét Ársælsdóttir gekk úr stjórn og Þökkum við henni fyrir vel unnin störf, Anna Gerða Bjarnadóttir kom ný inn og aðrir í stjórn gáfu kost á sér til áframhaldandi setu. Ágætis mæting var á fundinn og var boðið upp á Smørrebrød frá Einsa kalda.

Formaður fór yfir starf sitt fyrir deildina á síðasta starfsári.

Á Evrópudaginn buðu sjúkraliðar á Hraunbúðum vistmönnum og samstarfsfólki til kaffisamsætis og sjúkraliðar á HSU buðu sínum skjólstæðingum og samstarfsfólki upp á vöflur í tilefnis Evrópudagsins.

Aðalfundur Vestmannaeyjadeildarinnar 2015 var haldinn 26. nóvember í Svölukoti á evrópudag sjúkraliða og var vel mætt á fundinn og jólastemming var í loftinu.

Þrjú félagsfundir hafa verið haldnir á starfsárinu vorfundur var haldinn 16. mars á Hraunbúðum og var boðið upp á súpu.

24. maí var haldinn fundur í Arnardrangi og var boðið upp á pizzur og öl.

og 1. okt. var fundur haldinn á HSU boðið var upp á brunz og Regína Kristjánsdóttir yoga og heilsuræktarþjálfari kom og hélt erindi um starfsemi sína sem var mjög fróðlegt og skemmtilegt.

Mæting á stjórnarfundi er góð en sakna þess að sjá ekki ný andlit og vil ég biðja ykkur um að reyna að fá nýja félagsmenn með ykkur á fundi.

Fámennt en góðmennt var í sjúkraliðalundinum en eitthvað virðist áhugi á að mæta í lundinn okkar vera að dvína. Hvað er hægt að gera til að reyna að bæta mætingu? Endilega ef þið hafið tillögu að koma henni á framfæri.

EPN ráðstafna var haldinn í Reykjavík 31. maí.

SLFÍ voru gestgjafar að þessu sinni og var Ráðstefnan vel skipulögð og vel að henni staðið eins og Sjúkraliðafélag Ísland er einum lagið. Á ráðstefnunni var fjallað um sjáfboðaliðar í heilbrigðisþjónustu.

Formaður hefur farið á 2 félagstjórnarfundum til Reykjavíkur og komst ekki á einn vegna veðurs, María Rós fór á trúnaðarmannaráðsfund ásamt Ernu Þórsdóttur trúnaðamanni á HSU um miðjan október.

Einn fund héldum við María Rós með trúnaðarmönnum og mættu allir trúnaðamenn á þann fund og farið var yfir stöðuna fyrir verðandi trúnaðarmannaráðsfund.

Sjúkraliðar með viðbótarnám voru með sinn árlega fræðsludag við vorum búnað að fá aðstöðu til að geta fylgst með fundinum og það ég um að þeir sem vildu koma og fylgjast með myndu skrá sig.

Það voru nokkrar sem skráðu sig en engin mætti og fékk ég skammir frá Valgerði í Visku sem var búin að bóka á okkur salinn og þar með leiðandi fengu ekki aðrir salinn sem við vorum búnað að bóka.

Einnig er BSRB þaðan sem þessi fjarfundur var sendur frá með viss margar stöðvar sem þeir geta sent út til og fengu færri en vildu.

Hvað getum við gert til að svona endurtaki sig ekki aftur, við þurfum að greiða fyrir að vera með fyrirlestra í Visku það er enginn staður annar sem bíður upp á svona aðstöðu hér.

Kristín formaður og Gunnar Örn framkvæmdarstjóri SLFÍ komu til okkar 13. júní að beiðni okkar um að ræða við okkur um skil á vinnuskýslum og eru sjúkraliðar á Hraunbúðum og Sjúkradeild HSU orðnir langþreyttir á hve seint skýrslur eru lagðar fram.

Trúnaðarmenn á Hraunbúðum sendu sínum yfirmönnum formlegt bréf í sambandi við það sem þeim finnst mega bæta í starfseminni þar. Vel var tekið í tillögurnar sem þær lögðu fram og hafa verið

gerðar ráðstafanir sem eiga að taka gildi 1. desember n.k og bæta á við starfsfólki á vaktir.

Jólafundarnefnd sá sér ekki fært að hafa jólafund en ætla að hafa skemmtifund á nýju ári.

Þær báðu mig um að annað hvort færa aðalfundinn eða fá að hafa sameiginlegan fund. Aðalfundinn gat ég ekki fært þar sem ég þarf að boða á hann með tveggja vikna fyrirvara og af fenginni reynslu var ekki í boði að minni hálfu og stjórnarinnar að hafa þessa tvo fundi saman. Mér fannst það koma illa út í fyrra, mikil truflun þegar var verið að sinna almennum aðalfundarstörfum.

Ég hef fengið að heyra að félagsmönnum finnst ég vera seint með aðalfundinn og ég sé að brjóta reglur félagsins og að aðalfundurinn eigi að vera í október, en samkvæmt reglum Vestmannaeyjardeildar SLFÍ þá stendur í 8. gr; Aðalfundur deildarinnar. Aðalfundur deildarinnar skal halda árlega á tímabilinu september- desember sbr. Ákvæði 12. Gr. laga Sjúkraliðafélags Íslands.

Ég hef alveg örugglega brotið eitthvað af reglum félagsins og ég vona að mér sé fyrirgefið en um hvenær aðalfundurinn er haldinn hef ég haldið mig innan þess ramma sem mér er settur og hvers vegna aðalfundurinn er svona seint eru ýmsar ástæður á bak við það en næsta aðalfund skal ég reyna að halda fyrr.

Sérnám sjúkraliða það er búið að gera námsvísir þannig að það er hægt að bjóða upp á það í framhaldskólum en spurning hvort það þurfi ekki einhvern lánmarksfjölda.

Einn sjúkraliði á 15 ára útskriftarafmæli í ár það er Sigurlaug Björk Böðvarsdóttir, og samkvæmt hefð hjá deildinni okkar var henni fært úr að gjöf.

Þrír sjúkraliðar útskrifuðust í vor þær Berglind Ósk Sigvardardóttir, Sigríður Jóhanna Sigurbjörnsdóttir og Sólveig María Birkisdóttir.

I tilefni 50 ára afmælis SLFÍ var gefin út bók Sjúkraliðin í 50 ár og er hún til sölu hjá félaginu.

25. nóvember 2016

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir

Formaður Vestmannaeyjardeildar SLFÍ.

Vilborg Stefánsdóttir lagði fram ársreikninga deildarinnar sem voru samþykktir.

Kristín Sjöfn Ómarsdóttir kynnti fyrir okkur þær breytingar sem fyrir hugaðar eru á starfi á Hraunbúðum.

Guðný Bjarnadóttir Ljós móðir og félagi í áhugafélagi um alzheimer í Vestmannaeyjum kom og kynnti fyrir okkur hvað þau eru að gera og þeirra hugmyndir um starf þeirra.

Ný stjórn deildarinnar

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir formaður

María Rós Sigurbjörnsdóttir varaformaður

Vilborg Stefánsdóttir gjaldkeri

Dagmar Skúladóttir ritari

Anna Gerða Bjarnadóttir meðstjórnandi.

Trúnaðarmenn

Ásdís Emilía Björgvinsdóttir HSU

Erna Þórsdóttir vara HSU

Kolbrún Anna Rúnarsdóttir Hraunbúðir

Kristín Sjöfn Ómarsdóttir vara Hraunbúðir

Skoðunarmenn

Elín Sigríður Björnsdóttir

Sigríður Gísladóttir

Fræðslunefnd

Erna Þórsdóttir

Kristín Sjöfn Ómarsdóttir

Kjaramálanefnd

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir

Vilborg Stefánsdóttir

Jólaskemmtinefnd

Starfsfólk á Hraunbúðum